

Sveitarfélagið Hornafjörður  
b/t Gunnlaugur Róbertsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 24. júní 2019  
UST201905-178/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting á aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornarfjarðar - Skaftafell III og IV**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornarfjarðar er barst 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornarfjarðar vegna fyrirhugaðar uppbyggingar ferðaþjónustu við Skaftafell III – IV.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í því að landnotkun er breytt á 15 ha svæði úr landbúnaðarlandi í verslun – og þjónustu. Auk þess kemur fram að heimilt er að reisa 35 gistihús sem geta verið allt að 40 m<sup>2</sup> fyrir allt um 70 gesti og 10 starfsmannaíbúðir, samtals allt að 1000 m<sup>2</sup> og eitt til þrjú þjónustuhús sem geta verið samtals allt að 3000 m<sup>2</sup>.

#### **Mat á umhverfisáhrifum**

Í greinargerð kemur fram að um að ræða uppbyggingu á 15 ha landssvæðis sem er tiltölulega óraskað og heildar byggingarmagn svæðisins er allt að 5200 m<sup>2</sup>. Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálandi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótel og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

#### **Umhverfisáhrif**

Hér um að ræða uppbyggingu á 15 ha landssvæðis sem er tiltölulega óraskað og heildar byggingarmagn svæðisins er allt að 5200 m<sup>2</sup>. Auk þess má gera ráð fyrir því að innviðauppbygging mun eiga sér stað með gerð bílastæða, göngustíga, vega o.s.frv. Í

umhverfisskýrslu er talið að tillagan muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins þar sem svæðið er flatlent og mun jafnvel hafa neikvæð áhrif á upplifun gesta sem heimsækja muni svæðið.

### Ásýnd

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir:  
*„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“*

### Valkostagreining

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðið sem hér hefur verið valið sé boríð saman við þegar röskuð svæði og hafa þegar verið skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði í sveitarfélagini.

### Vatnajökulsþjóðgarður

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdin geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæði. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.“

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Það er mat Umhverfisstofnunar að það sé mikilvægt að það komi fram í deiliskipulagi hvernig fráveitumál verða leyst á svæðinu, þar sem að jarðvegur er rýr.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur